

## Tekjur:

94

1. Væntanlegar eptirstöðvar . . . . .	kr. 700 00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald . . . . .	— 2400 00	
	<hr/>	kr. 3100 00

## Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	kr. 1200 00	
2. 13. afborg. og vaxtagreiðsla af láni til Ölfus- árbrúarinnar . . . . .	— 241 32	
3. Kostnaður samkv. lögum um skipun dýra- lækna á Íslandi 2. okt. 1891 . . . . .	— 100 00	
4. Menntamál, kvennaskólinn í Reykjavík . . . . .	— 100 00	
5. Ýmisleg gjöld . . . . .	— 1458 68	
	<hr/>	kr. 3100 00

26 Amtsráðið veitti til skripta á fundinum 30 krónur.

Fleiri mál komu ekki til umræðu á fundinum og var því fundi slitið.

J. Havsteen. Valdimar Briem. Skúli Skúlason. Jón Einarsson.

Ágúst Jónsson. Þórður Guðmundsson. Hjörtur Snorrason.

Reykjavík, 4. dag septbrm. 1906.

*J. Havsteen.*

## Útskript

95

úr gjörðabók amtsráðs Vesturamtsins 1906.

Ár 1906 mánudaginn hinn 18. dag júnimánaðar átti amtsráð Vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi. Auk forseta amtsráðsins, Lárusar sýslumanns H. Bjarnasons, mættu fulltrúar úr öllum sýslufjelögum amtsins, öðrum en Austurbarðastrandarsýslu og Vesturisafjarðarsýslu, aðalamtsráðsmennirnir úr Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Vesturbarðastrandarsýslu og varaamtsráðsmennirnir úr Norðurisafjarðarsýslu og Strandasýslu.

Forseti minntist fyrst konungsskiptanna og var síðan gengið til dagskrár.

1. Framlagður reikningur jafnaðarsjóðsins 1905.
2. Framlagður búnaðarsjóðsreikningur amtsins s. á.
3. Framlagður búnaðarskólasjóðsreikningur amtsins s. á.
4. Framlagður amtsbókasafnreikningur fyrir s. á.

95

5. Forseti gat þess að styrktarsjóðurinn »Þorvaldarminning« hefði átt í Söfnunarsjóði við síðastliðin áramót 5700 kr. 8 aura.

6. Framlagðir sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1905 úr öllum sýslufjelögum amtsins, endurskoðaðir í hjerði og yfirfarnir af forseta.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum á milli sín, svo og amtsreikningunum, til yfirskoðunar.

7. Forseti skýrði frá fullnustu á úrskurðum þeim, sem amtsráðið hafði lagt á sýslureikningana 1904.

8. Lagðar fram skýrslur um hag alþýðustyrktarsjóðanna úr öllum sýslufjelögum amtsins fyrir 1905.

Sýslumennirnir í Dalasýslu og Strandasýslu höfðu gjört grein fyrir því, hvornig stóð á því, að eptirstöðvarnar í árslok 1903 og ársbyrjun 1904 komu ekki heim.

9. Framlagðar sýslufundargjörðir 1906 úr öllum sýslum amtsins.

Amtsráðið athugaði, að eigi sæist á fundargjörðunum úr Dalasýslu og Mýrasýslu, að skýrslur um skoðun á fódurbirgðum og búpeningi hefðu verið lagðar fram á fundunum, og bendir jafnframt sýslunefndinni í Dalasýslu á, að endurskoðunarmenn alþýðustyrktarsjóðsreikninganna eiga, samkvæmt 3. gr. laga nr. 30, 18. desember 1897, að vera tveir en ekki einn.

10. Framlögð fyrirspurn stjórnarráðsins, dags. 8. jan. 1906, um hvornig verja skuli styrk af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur, 125 kr. á ári, næstu 3 ár.

Amtsráðið lagði til, að Breiðuvíkurhreppur fengi í ár 125 kr. til vegabóta. Fellsstrandarhreppur 125 kr. til brúar á Kjarlaksstaðaa 1907 og Suðurfjarðahreppur 125 kr. til vegabóta 1908.

11. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu skýrði með brjefi, dags. 29. ágúst 1905, frá kosningu í sýslunefndir Austur- og Vesturbarðastrandarsýslu. Við þær kosningar var ekkert að athuga.

12. Sami tilkynnti með brjefi, dags. 28. apríl 1906, að sýslunefndin í Austurbarðastrandarsýslu hefði fallið frá sýsluvegafjölgun þeirri, er ræðir um í 18. lið amtsráðsfundargjörðanna 1905.

13. Sýslumaðurinn í Mýrasýslu hafði mælt til staðfestingar á 50 aura hækkun á sýsluvegagjaldi þar í sýslu fyrir hvern verkfæran mann yfirstandandi ár, og sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu farið fram á samþykki til 75 aura hækkunar í sama skyni.

Amtsráðið veitti hið umbeðna samþykki.

14. Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hafði í brjefi, dags. 15. f. m., farið fram á samþykki amtsráðs til flutnings á sýsluveginum »um Helgafellssveit inn Skógarströnd af Vatnshálsi suður og vestur með Sauratúni«.

Amtsráðið samþykki þetta.

15. Sami hafði með brjefi samdægurs farið fram á skipting 9. yfirsetukonumdæmis, þannig að Miklaholtshreppur sunnan Straumfjarðarar verði 9. umdæmi, en Eyjahreppur 10. umdæmi og Kolbeinsstaðahreppur 11. umdæmi.

Amtsráðið samþykkti þetta.

16. Sýslumaðurinn í Dalasýslu hafði með brjefi, dags. 19. apríl þ. á., farið fram á að mega leggja 1681 kr. 7 aura úr sýslusjóði til sýsluvega.

Amtsráðið samþykkti þetta.

17. Sýslumaðurinn í Barðastrandarssýslu hafði með brjefi, dags. 17. marz þ. á., beðið um leyfi til að mega selja spítalann á Patreksfirði,

Amtsráðið þóttist ekki geta orðið við þeim tilmælum að svo stöddu, enda vantaði nægar upplýsingar um hina fyrirhuguðu sölu.

18. Útaf brjefi sýslumannsins í Dalasýslu, dags. 18. apríl þ. á., um skiptingu á eignum og skuldum amtsins og stofnun Búnaðarfjelags fyrir Vestfirðingafjórðung, ályktaði amtsráðið að leita álits sýslunefndanna um tillögur sýslumanns fyrir amtsráðsfund næsta ár.

19. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu hafði með brjefi, dags. 6. apríl þ. á., beðið samþykkis amtsráðsins á frumvarpi til reglugjörðar fyrir Norðurisafjarðarsýslu um eyðingu refa.

Amtsráðið samþykkti frumvarpið.

20. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu hafði með brjefi, dags. 17. marts þ. á., beðið staðfestingar amtsráðsins á frumvarpi til reglugjörðar um eyðingu refa, fjallskil og fleira.

Amtsráðið samþykkti frumvarpið.

21. Framlögð kæra Helga Guðmundssonar á Ketilstöðum, dags. 15. f. m., um útsvarshækkun á sjer á seinasta aðalfundi sýslunefndarinnar í Dalasýslu.

Amtsráðið fól forseta sínum að ganga eptir fyllri upplýsingum og síðan að leggja úrskurð á málið í nafni amtsráðsins.

22. Framlögð beiðni sýslumannsins í Strandasýslu um að rjetta megi í Bæjarhreppi komandi haust samdægurs og leitað er.

Amtsráðið veitti hið umbeðna leyfi að því tilskildu þó, að samkomulag fáiist við þær hreppsnefndir utan sýslu, er hlut eiga að máli.

23. Útaf framkominni málaleitun um ráðstöfun amtsbókasafnsins í Stykkishólmi, lýsir amtsráðið því yfir í einu hljóði, að það telji rjett, að safnið standi framvegis óskipt í Stykkishólmi, þó að því tilskildu, að amtsbúar hafi eptir sem áður aðgang að safninu með sömu kjörum einsog nú, og að hreppsnefndin í Stykkishólmshreppi og sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, önnur hvor eða báðar, standist allan kostnað af safninu framvegis og auki það árlega eptir föngum.

24. Nú voru aptur framlagðir eptirfarandi reikningar.

1. Jafnaðarsjóðsreikningurinn
  2. Búnaðarsjóðsreikningurinn
  3. Búnaðarskólasjóðsreikningurinn og
  4. Amtsbókasafnsreikningurinn
- og voru þeir allir úrskurðaðir rjettir án athugasemda.

95

25. Þá voru aptur framlagðir allir sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningarnir, að undanskildum reikningunum úr Austur- og Vesturbarðastrandarsýslu, er endurskoðunarmenn amtsráðsins ekki höfðu lokið við.

Reikningarnir voru úrskurðaðir þannig:

#### Úr Strandasýslu:

- a. sýslusjóðsreikningurinn var úrskurðaður rjettur, en jafnframt athugað, að 2. gr. úrskurðar amtsráðsins f. á. á sýslusjóðsreikningnum 1904, Stjt. 1905 B. bls. 163, væri enn ófullnægt.
- b. sýsluvegasjóðsreikningurinn var úrskurðaður rjettur, en það jafnframt vítt, að sýslunefndin hafði enn látið menn vinna sýsluvegagjaldið af sjer.

#### Úr Norðurisafjarðarsýslu:

- a. sýslusjóðsreikningurinn var og úrskurðaður rjettur, að því tilskildu, að send væri kvíttun fyrir 100 krónum til hjeraðslæknis fyrir sóttvörn.
- b. sýsluvegasjóðsreikningurinn var og úrskurðaður rjettur, en jafnframt athugað, að verkfæraskrárnar væru sumstaðar ónákvæmlega útfylltar og víða lagt meira til hreppavega úr sýsluvegasjóði en leyfilegt er.

#### Úr Vesturísafjarðarsýslu.

- a. sýslusjóðsreikningurinn Reikningshaldari hafði greitt 7 kr. 55 a. + 10 kr. 62 a. eða 18 kr. 17 a. úr sýslusjóði fyrir sóttthreinsunarlyf, og úrskurðaði amtsráðið með skirskotun til 8. sbr. 13. gr. laga frá 31. jan. 1896 og Landshöfðingjabrjefs 16. apríl 1902 að endurgjalda skyldi sýslusjóði nefndar 18 kr. 17 a.  
Jafnframt var athugað, að samkvæmt 3. gr. laga 18. Desbr. 1897 ættu endurskoðunarmenn alþýdustyrktarsjóðsreikninganna að vera 2.
- b. sýsluvegasjóðsreikningurinn var úrskurðaður rjettur með þeirri athugasemd, að meira hefði verið lagt til hreppavega úr sýsluvegasjóði en lög leyfðu.  
Og um alla reikningana úr Ísafjarðarsýslu var það tekið fram, að ekki sæist að eptirstöðvar sjóðanna væru ávaxtaðar í sparísjóði eins og amtsráðið hafði mælt fyrir um f. á., Stjt. 1905 B. bls. 163.

#### Úr Dalasýslu

- a. sýslusjóðsreikningurinn var úrskurðaður þannig:

## 1. gr.

Gjaldliður 5, oftalinn um 4. kr. 50 aura.

— 11, oftalinn um 2 kr.

— 15, vantalinn um 1 kr.

Þessar 6 kr. 50 a. ÷ 1 kr. eða 5 kr. 50 a. ber að endurgjalda sýslusjóði.

## 2. gr.

Kvittanir vanta fyrir 8 kr. af gjaldlið 4, fyrir 75 a. af gjaldlið 12, fyrir 24 kr. 50 a. af gjaldlið 15.

Kvittanir þessir ber að senda sem fyrst.

## 3. gr.

Að öðru leyti var athugað að eptirstöðvar sýslusíóðsins, er voru 1607 kr. 38 a., væri ekki ávaxtaðar í sparisjóði og að kvittanir komi ekki allsstaðar heim við reikinginn, en með því að það upplýstist á fundinum hvernig á því staði, var reikningurinn úrskurðaður rjettur, að því tilskildu að 1. og 2. gr. yrði fullnægt.

b. sýsluvegasjóðsreikningurinn  
var úrskurðaður þannig:

## 1. gr.

Sýsluvegagjaldið úr Haukadalshreppi er oftalið um 25 a., er ber að endurgjalda hreppnum.

## 2. gr.

Gjaldliður 5 er vantalinn um 40 aura og oftalinn um 2 aura, eða vantalinn um 38 aura, er má skulda sýslusjóð fyrir á næsta árs reikningi.

## 3. gr.

Úr Saurbæjarhreppi er ekkert sýsluvegagjald talið. Það nemur 70 kr., en reikningurinn er oflagður saman tekju megin um 69 kr. 90 a., þannig vantaldir 10 aurar, er ber að telja sýsluvegasjóði til tekna á næsta reikningi.

## 4. gr.

Verkfærraskrárnar voru allar fyrir 1904 í staðinn fyrir 1905, en þó úrskurðað að við svo búð mætti standa.

## 5. gr.

Útistandandi 90 kr. hjá Skarðstrandarhreppi ber að innheimta undan-dráttarlaust. Við svo búð var reikningurinn úrskurðaður rjettur, að því tilskildu, að 1., 2., 3. og 5. gr. verði fullnægt.

Úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:

- a. sýslusjóðsreikningurinn.
- b. sýsluvegasjóðsreikningurinn.

Báðir reikningarnir voru úrskurðaðir rjettir án athugasemda.

Úr Mýrasýslu:

- a. sýslusjóðsreikningurinn.

15 kr. til þingmálafundarhalds skyldu endurgreiðast sýslusjóði, og að öðru leyti athugað, að áætlun vanti fyrir tekjum og gjöldum sýslusjóðs.

Að öðru leyti var reikningurinn úrskurðaður rjettur.

- b. sýsluvegasjóðsreikningurinn

var úrskurðaður rjettur, að því tilskildu, að sýslusjóði væru endurgoldnar 3 kr. 40 a., sem er oftalin vagnleiga og viðurkennd af reikningshaldara.

26. Að gefnu tilefni var ákveðið, að veita Baldvin bókaverði Bergvinsyni 25 króna viðbót við laun hans í ár, sem viðurkenningu fyrir þrýðisfallega umgengni um amtsbókasafnið.

Fundi frestað til morguns.

Þriðjudaginn hinn 19. dag júnímánaðar um fundinum haldið áfram.

Og voru nú mættir amtsráðsmaðurinn úr Austurbarðastrandasýslu og varaamtsáðsmaðurinn úr Vesturísafjarðarsýslu.

27. Nú voru framlagðir reikningarnir úr Barðastrandarsýslu og voru úrskurðaðir þannig:

Úr Vesturbarðastrandarsýslu:

- a. sýslusjóðsreikningurinn

Gjaldliður 6 á spítalareikningnum fylgiskj. 6—8 er oftalinn um 2 kr. 70 a., og þannig oftaldar til spítalans á tölulið 14 á sýslusjóðsreikningnum 2 kr. 70 a., sem ber að endurgjalda.

- b. sýsluvegasjóðsreikningurinn

var úrskurðaður rjettur með þeirri athugasemd, að verkfæraskrárnar væru ekki útfylltar sem skyldi.

Úr Austurbarðastrandarsýslu:

- a. sýslusjóðsreikningurinn

var úrskurðaður með þeirri athugasemd, að senda beri áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs.

- b. sýsluvegasjóðsreikningurinn

var úrskurðaður rjettur með þeirri athugasemd, að skýrslu vantaði um, hvernig sýslunefndin hefði ráðstafað sýsluvegafjenu.

Loks var athugað um alla reikningana úr Barðastrandarsýslu, að undanskildum sýslusjóðsreikningi úr Austurbarðastrandarsýslu, að ekki sæist á reikningunum, að innstæða sjóðanna væri ávöxtuð sem skyldi, og var þó instæða sýslusjóðs Vesturbarðastrandarsýslu, samkvæmt reikningnum, 3052 kr. 95 aurar.

28. Amtsráðið veitti 25 kr. fyrir skriptir á fundinum og 12. kr. fyrir húsaleigu. **95**

29. Að þar til gefnu tilefni var tekið til umræðu hið svokallaða ritsímamál.

Eptir nokkrar umræður var samþykkt svolátandi tillaga með 6 atkvæðum gegn 3, þar á meðal amtsráðsmanns Dalamanna.

Amtsráðið skorar á stjórn og þing að leggja talsímaálmuna til Ísafjarðar svo, að sem flest kauptún á Vesturlandi komist í talsímasambandið jafn vel þótt það hafi meiri kostnað í för með sjer heldur en að álman verði lögð þá leið, sem stytzt er. Sjerstaklega lýsir amtsráðið því yfir, að það álitur óheppilegt að álman verði lögð um Steingrímsfjörð til Ísafjarðar, enda þó sú leið yrði talsvert kostnaðarminni, en aðrar leiðir um fjölbyggðar sveitir og kauptún.

Fleiri mál komu ekki til umræðu, gjörðabókin lesin og samþykkt.

Lárus H. Bjarnason.

Sigurður Jensson. Ásgeir Bjarnason. Fr. Bjarnason.

Sæm. Halldórsson. Þorvaldur Jakobsson. Kristján Gíslason.

Björn Bjarnarson. Páll Stephensen.

Rjetta útskrift staðfestir

*Lárus H. Bjarnason.*

## Eptirrit

**96**

af gjörðabók Norðuramtsins.

Ár 1906, mánudag 11. júní var aðalfundur amtsráðsins í Norðuramtinu settur á Akureyri.

Á fundinum mættu, auk hins reglulega forseta, sýslumanns og bæjarfógeta Guðl. Guðmundssonar, þessir amtsráðsmenn:

Björn Sigfússon, hreppstjóri á Kornsa, fyrir Húnavatnssýslu;

Ólafur Briem, umbodsmaður á Álfgaersvöllum, fyrir Skagafjarðarsýslu;

Stefán Stefánsson, kennari, fyrir Eyjafjarðarsýslu, og

Sira Árni Jónsson, prófastur á Skútustöðum, fyrir Suðurþingeyjarsýslu.

Fundurinn tók til meðferðar þessi málefni:

1. Forseti lagði fram ársreikninga eftirnefndra sjóða fyrir árið 1905, með tilheyrandi fylgiskjölum: